

Tillaga að ályktun um Álftafjarðargöng

Súðavíkurreppur leggur fram eftirfarandi ályktun fyrir 69. fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti, haldið dagana 18.-19. október í Bjarnafirði:

69. Fjórðungsþing haldið þann 18.-19. október 2024 í Bjarnafirði ályktar að brýnt sé að hraða framkvæmdum vegna Álftafjarðarganga milli Skutulsfjarðar og Álftafjarðar með vísan til umferðaröryggis og leggur til að hafist verði handa við undirbúning strax vorið 2025. Þannig megi flýta framkvæmdum sem gætu hafist án tafar þegar unnt er að ráðast í gerð jarðganga. Álftafjarðargöng eru sem stendur fyrsti kostur í jarðgangagerð á Vestfjörðum samkvæmt drögum að samgönguáætlun (nr. 5 af þeim 10 kostum sem þar er að finna) sem liggur í meðförum alþingis og því brýnt að leggja áherslu á þann kost óháð því að þörf er á fara í fleiri jarðgangakosti í fjórðungnum.

Flutningsmaður tillögu: **Bragi Þór Thoroddsen**, sveitarstjóri Súðavíkurrepps og fulltrúi í sveitarstjórn.

Greinargerð:

Drög að Samgönguáætlun fyrir árin 2024-2038 liggja fyrir alþingi og hafa verið í meðförum nefndar og undirbúningi undanfarna mánuði. Drögin voru fyrst kynnt með þingsályktun á alþingin og sett fram með kynningarfundum þann 13. júní 2023. Fjórðungssamband Vestfirðinga hefur áður brugðist við þeirri áætlun, sem enn er í mótun, með ályktun á 68. fjórðungsþingi þann 7. október 2023 í Bolungarvík.

Meðal jarðgangakosta í forgangsröðun í áætluninni eru Álftafjarðargöng, jarðgöng milli Skutulsfjarðar og Álftafjarðar. Af kynntri forgangsröðun eru jarðgöngin nr. 5 á aðgerðaplani áætlunar, þau fyrstu á Vestfjörðum í áætlun. Jarðgöngin hafa áður verið á samgönguáætlun en hafa vikið af áætlun um skeið, þrátt fyrir að ekki hafi verið ályktað um neinn jarðgangakost á landinu jafn oft á alþingi um þessa brýnu samgöngubót. Ósamstaða innan Vestfjarða og ákvarðanir á þingum hafa ýtt þeim kosti aftar í forgangsröðun og tafið fyrir úrbótum á þessum hættulega vegarkafli sem er farartálmi allan ársins hring.

Samkvæmt aðgerðaplani sem hefur verið birt, varðandi tímasetningu, er gert ráð fyrir að byrjað yrði á undirbúningi fyrir Álftafjarðargöng árið 2032 og að framkvæmdir hefjist árið 2038. Fyrir liggur forathugun sem er afrakstur af þingsályktunartillögu fyrir alþingi sem skilaði fjármagni á sínum tíma. Var fjármagnið nýtt til bergrannsóknna og hefur því hluti forvinnu þegar farið fram. Óþarft er að lengja undirbúningstíma og framkvæmd um fjögur ár vegna rannsóknna sem að hlutatil hafa þegar farið fram.

Sú stefna hefur verið tekin af umhverfis- og samgöngunefnd alþingis að setja umferðaröryggi framur þegar kemur að forgangsröðun jarðganga og leysa þannig af hólmi hættulega vegi sem örðugt er eða ómögulegt að leysa með öðrum kosti. Þeir þættir varða beint Súðavík- og

Kirkjubólshlíð þegar kemur að umferðaröryggi. Því er mikilvægt að 69. fjórðungsþing Vestfirðinga sameinist um ályktun sem varðar þessar löngu brýnu úrbætur.

Ef hugur fylgir máli í framsetningu jarðgangaaætlunar í samgönguáætlun mætti hraða þessari framkvæmd, og liggur sú afstaða samgöngunefndar Alþingis þegar fyrir að flýta gerð Álfafjarðarganga. Um er að ræða jarðgangakost sem hefur það að markmiði að leysa af hólmi láglendisveg sem metinn hefur verið einn sá hættulegasti á landinu með fyrirséðum samgöngutruflunum ár hvert vegna grjóthruns og snjóflóða. Vetur hvern má gera ráð fyrir yfir 20 lokunum vegna snjóflóða og snjóflóðahættu og hafa slíkar lokanir jafnvel orðið hátt á 5. tug á ári. Undanfarnir vetur hafa verið mildir hvað varðar snjóþunga, en veturinn 2020 voru um 40 lokanir á Súðavíkurlíð fyrstu 3 mánuði ársins á 90 dögum. Þá er ótalin sú truflun á daglegu lífi þeirra sem nota þurfa veginn, af sms sendingum Vegagarðarinnar þar sem gert er ráð fyrir hættu á snjóflóðum og vegna hugsanlegra lokana á veginum.

Sl. vetur vann Heimildin fréttaskýringu og grein um Súðavíkurlíð. Mikið var rýnt af tölfræði og upplýsingum, enda rannsóknarblaðamaður að baki vinnunni sem birtist í grein á vefmiðli og í blaði Heimildarinnar.¹ Vitnað er til tölfræði úr samantektinni: *Á tíu ára tímabili, frá 2012 til og með 2022 var þjóðveginum milli Súðavíkur og Ísafjarðar lokað í 151 dag, ýmist heilan dag eða hluta úr degi. Lokunin varði samtals í 1.309 klukkutíma. Það jafngildir því að samfellt hafi veginum verið lokað í fimm daga í hverjum einasta mánuði á þessum áratug.* Hér er ekki um uppdiktaða tölfræði að ræða, en grunnurinn að svarinu liggur í fyrirspurn sem lögð var fram á Alþingi af Teiti Birni Einarssyni þingmanni NV-kjördæmis fyrir Innviðaráðherra á 154. löggjafarþingi 2023-2024 – þingskjal 601 – 332. mál.² Mánaðarmótin janúar-febrúar 2024 bárust á tveggja vikna tímabili 25 skilaboð frá Vegagerðinni með aðvörunum um snjóflóðahættu, um óvissu- eða hættustig og lokanir á vegum milli Súðavíkur og Ísafjarðarbæjar. Og í ofanálag má geta þess að Björgunarsveitin Kofri í Súðavík sinnti í einum mánuði 2022 einum 23 útköllum vegna ófærðar og fastra bifreiða á útkallssvæði sveitarinnar, svo nærri má fara um þá einangrun sem Súðavík býr við í slíku árferði beggja vegna þorps.

Djúpvegur um Kirkjubóls- og Súðavíkurlíð er hluti af ferðamannaleiðinni Vestfjarðahring eða hringvegi 2. Aukin umferð er um veginn þrátt fyrir rannsóknarniðurstöður sem hafa gert ráð fyrir að umferð dragist mikið saman um Djúp með tilkomu mikilla vegabóta um Dynjandisheiði og ekki síst vegna Dýrafjarðarganga. Allt að einu er umferð á sama tíma beinlínis markaðssett um þetta svæði og hefur raunin orðið aukning í umferð, bæði ferðamanna og landflutninga. Síðustu tölur um umferð um Súðavíkurlíð eru 450 bílar á sólarhring alla daga ársins, á þriðja hundrað að vetri en um 700 að sumri.³

Uppbygging við Djúp er mikil í dag, ekki síst vegna tilkomu sjókvíaeldis sem er að hasla sér völl í Ísafjarðardjúpi. Laxasláturhús í Bolungarvík hefur í för með þungaflutninga með afurðir um Djúpveg allan ársins hring auk umferðar með aðföng verslana og fyrirtækja á svæðinu. Það hefur kristallast í þeirri staðreynd að helmingur ökutækja sem stoppa í Súðavík við hverja lokun og jafnvel meir eru flutningabílar á leið til Bolungarvíkur eða Ísafjarðarbæjar. Súðavíkurreppur hefur rækt það hlutverk að hýsa þá sem verða innilyksa í Súðavík við fyrirvaralausar lokanir á

¹ [Ferleg er hlíðin - Heimildin](#)

² [601/154 svar: Súðavíkurlíð | Þingtíðindi | Alþingi \(althingi.is\)](#)

³ [Umferð og slysatíðni \(vegagerdin.is\)](#)

Þessari leið og Rauðakrossdeild Súðavíkurhrepps (nú aflögð) hefur haldið utan um tölfraði þeirra strandaglópa sem koma hefur þurft í hús og afla brýnustu nauðsynja. Hlutverkið er langt úr takt við það sem ætla má fyrir 180 manna þorp þar sem hvorki er gistiheimili eða hótél.

Með vísan í framanritað er ályktunin lögð fyrir 69. Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti.

Að ályktun stendur Sveitarstjórn Súðavíkurhrepps.